

Alsherjar- og menntamálanefnd Alþingis

Félag yfirlögregluþjóna á Íslandi fékk tillögu til þingsályktunar um aðgerðir gegn skipulagðri glæpastarfsemi, mál nr. 717, þingskjal nr. 1152 til umsagnar. Erindið var áframsent á félagsmenn félagsins með tölvupósti og beðið um álit þeirra. 7 yfirlögregluþjónar skiluðu skriflegu svari en 1 hafði samband símleiðis og upplýsti um afstöðu sína.

Félagið styður tillöguna, telur þessa aðgerð eðlilegt framhald á þeim aðgerðum sem þegar hefur verið sinnt og virðast hafa skilað umtalsverðum árangri. Hinsvegar verður ekki litið fram hjá þeirri staðreynd að bæta þarf stöðu almennrar löggæslu á landinu í heild því árangri af sértækum aðgerðum sem þessum verður ekki við haldið nema hin daglega löggæsla sé í stakk búin til þess. Niðurskurður og aðhaldsaðgerðir undanfarinna ára eru farnar að bitna á öryggi borgaranna og á öryggi lögreglumanna. Ábyrgðin á afleiðingum þess hlýtur að liggja hjá þeim sem, með ákvörðunum um úthlutun fjármagns til löggæslunnar, ákveða ásættanlegt þjónustu og öryggisstig hennar.

Selfossi 17. maí 2012

Oddur Árnason
Yfirlögregluþjónn, formaður FY